



## Fundargerð aðalfundar KGRP og ÚK ehf.

Vetrarfundur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma var haldinn á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð mánudaginn 14. nóvember 2022 kl. 18:00.

Fulltrúar eftirfarandi sókna mættu eða tilkynntu forföll:

Árbæjarsókn	Guðrún Nikulásdóttir
Ásatrúarfélagið	Jóhanna Harðardóttir
Ássókn	Kristján Guðmundsson
Breiðholtssókn	Emilía G. Svavarsdóttir
Bústaðasókn	Dóra Berglind Torfadóttir
Digranessókn	Valgerður Snæland Jónsdóttir
Dómkirkjusókn	Forföll
Fella- og Hólasókn	Jóhann Úlfarsson
Fríkirkjusöfnuðurinn	Árni Gunnarsson
Grafarholtssókn	Hafberg Þórisson
Grafarvogssókn	Forföll
Grensássókn	Kristinn Guðmundsson
Hallgrímssókn	Einar Karl Haraldsson
Háteigssókn	Forföll
Hjallasókn	Andrés Jónsson
Kapólski söfnuðurinn	Forföll
Kársnessókn	Forföll
Langholtssókn	Forföll
Laugarnessókn	Egill Heiðar Gíslason
Lindarsókn	Hafþór Sigmundsson
Nessókn	Ásta Camilla Gylfadóttir
Óháði söfnuðurinn	Valur Sigurbergsson
Seljasókn	Forföll
Seltjarnarnessókn	Forföll
Siðmennt	Sigurður Rúnarsson

### Aðrir fundarmenn:

Ingvar Stefánsson, Margrét Guðjónsdóttir, Helena Sif Þorgeirsdóttir, Helga Þóra Jónsdóttir, Helga Oddsdóttir, Gestur Hreinsson, Kári Aðalsteinsson og Heimir Janusarson, öll frá KGRP. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prófastur RPA og Sr. Soffía Helga Konráðsdóttir prófastur RPV.

Egill Heiðar Gíslason formaður stjórnar KGRP bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Egill Heiðar lagði til að Einari Karli Haraldssyni yrði falið að stjórna fundi og Helgu Halldórsdóttur yrði falið að rita fundargerð. Það var samþykkt. Egill Heiðar setur fund með stuttu ávarpi og kynnir dagskrá fundarins.

1. Fréttir úr starfseminni á árinu 2022.
2. Rekstraryfirlit fyrstu 9. mánaða ársins 2022
3. Stefnumótun KGRP
4. Önnur mál

### **1. Fréttir úr starfsemi ársins 2022**

Ingvar flutti kynningu um hvað bar hæst úr starfsemi ársins 2022. Framkvæmdastjórn fundar mánaðarlega. Ingvar sagði frá Nýju þjónustuhúsi í Kópavogi og stækkun garðsins. Um er að ræða 2 hektara lands sem mun m.a. innifela nýja grafreiti fyrir múslima sem bætist þá við múslimagrafreiti sem þegar eru í Gufunesgarði.

Einnig var kynnt 90 ára afmælisdagskrá Fossvogsgarðs en Stefán Pálsson sagnfræðingur var með sögugöngu um garðinn sem mikil ánægja var með. Það mættu yfir 200 manns í gönguna. Einnig sagði Ingvar frá endurbótum á vegg í Hólavallagarði og stefnt væri að áframhaldandi endurbótum á veggnum. Bornar voru upp nokkrar spurningar sem Ingvar svaraði.

Ingvar gerir ráð fyrir að nýja húsið í Kópavogskirkjugarði verði tekið í notkun fljótlega og stjórnarfolk verður boðið velkomið í þá athöfn. Nánar auglýst síðar.

### **2. Rekstraryfirlit fyrstu 9 mánaða ársins 2022**

Ingvar kynnti rekstraryfirlit fyrstu 9. mánaða ársins 2022. Almennt gengur reksturinn vel og er um 24 milljóna hagnaður af rekstrinum. Það eru þó blikur á lofti. Það verður áskorun að fá starfsfólk og næstu kjarasamningar gætu orðið fyrirtækinu erfiðir þar sem 70% af rekstrarkostnaði eru laun. Á sama tíma eru tekjur frá ríkinu að lækka og á þessu ári um 3%. Einnig er það mikil áskorun hvað varðar bálstofu og líkhús þar sem liggur fyrir að mikil fjárfestingarþörf sé framundan. Sigurður Rúnarsson spyr hvort afkoman sé ásættanleg. Ingvar svarar að svo sé en eins og áður segir eru blikur á lofti og ákveðnar áskoranir framundan. Sigurður spyr einnig um kostnað við byggingu þjónustuhússins í Kópavogi. Ingvar svarar um 250 milljónir sem er samkvæmt tilboði. Það eigi þó eftir að ganga frá utan húss eins og að malbika plan o.fl. Sigurður spyr einnig um stærð stækkunar, Kári svarar að það sé um 2 hektarar.

### **3. Stefnumótun KGRP.**

Ingvar sagði frá stefnumótun KGRP sem er að fara af stað. Stefnumótunin mun m.a. lúta að stefnu og framtíðarsýn, starfsfólki og menningu, skipulagi og innra starfi. Ætlunin er að ræða við sem flesta hagsmunaaðila í vetur og hafa vinnustofur með starfsfólki ásamt því að gera viðhorfskannanir.

Stefnumótunin mun vera unnin veturinn 2022 til 2023 og helstu grunnstoðir svo kynntar á aðalfundi í maí 2023. Þar gefst stjórn tækifæri á að koma með ábendingar. Í framhaldinu hefst svo innleiðing og útfærsla stefnumótunarinnar.

Ingvar ræddi m.a. um helstu sjónarmið og mörg hlutverk kirkjugarða. Fór yfir helstu strauma og stefnur og það sem er að gerast í nágrennalöndum Íslands. Samfélagsgerðin er að breytast og tækninni fleygir fram. Auk þess nefnir Ingvar þá eiginleika sem Kirkjugarðar gætu þurft að búa yfir.

Bryndís fagnar því að verið sé að fara í stefnumótunarvinnu. Egill tekur til máls og segir að í vinnunni felist m.a. að fara í ákveðna sjálfsskoðun, það sé líka útbreiddur misskilningur að það sé ekki gert ráð fyrir öllum trúarbrögðum innan Kirkjugarða Reykjavíkur. Helga Soffía tekur til máls og nefnir að það væri gott að efna til kynninga um Kirkjugarða Reykjavíkur og það þurfi að ríkja friður um málefnið.

Sigurður Rúnarsson tekur til máls og býður nýjan framkvæmdastjóra velkominn og fagnar breytingunni. Nefnir t.d. að hann fagni því að ekki sé farið lengur með bæn í upphafi funda og að hann fyrir hönd lífskoðunarfélagsins Siðmenntar myndi fagna nafnabreytingu.

Bryndís fagnar vinnunni og fagnar fegurð garðanna og leggur áherslu á að það sé ákveðin virðing sem þurfi að vera til staðar gagnvart gördunum.

Dóra nefnir að afmæli í gördunum skapi ákveðna virðingu t.d. hjá börnum og t.d. að þau töluðu lágt þegar þau komu í garðinn.

Einar Karl tók til máls og segist koma oft í Fossvogsgarð og fagnar stefnumótuninni. Talar um að það þurfi að skoða hvernig hópa við viljum fá t.d. börn, útivistarhópa hlaupara o.s.frv. Talar um að það sé áskorun að byggja upp á nútímalegan hátt.

Ásta ræddi hundahald og lagði áherslu á nýtingu á plássi t.d. að hægt væri að búa til ættarreiti með því að setja ker í kistugrafir. Hún spurði einnig um hvort tími væri kominn á að útbúa sérstakan grafreit fyrir gyðinga. Hún nefnir einnig að henni finnist að kirkjugarðar þurfi að búa yfir ákveðinni ró og virðingu og nefnir að það geti stundum verið suðandi hávaði frá Perlunni.

Helga Soffía áréttar fjölda kerja í hverri kistugröf. Hún leggur áherslu á að það eigi að vera kostur á ákveðinni ró og næði, t.d. ákveðin virðing þegar að líkfylgd kæmi. Hún telur fólk nokkuð meðvitað um þetta. Talar um að það mætti vera meira líf í gördunum en að gæta þurfi almenns velsæmis.

Kristján nefnir að þetta sé mjög áhugaverð umræða og að mörgu leyti ólík stefnumótun annars konar fyrirtækja.

Ingvar þakkar góða punkta og umræður.

Egill lokar umræðunni og hvetur til samstarfs við hagsmunaaðila og sóknarnefndir.

#### **4. Önnur mál**

Jóhanna nefnir atvik sem hún var ekki sátt með. Helga Þóra svarar þessu atviki þar sem hún þekkir til.

Sigurður Rúnarsson spyr um stöðu bálstofu og fjármögnun á henni. Ingvar svarar að það sé fyrirhugað að gera upp annan ofninn og endurnýja að hluta til varahluti í báðum ofnum um miðjan maí á næsta ári. Verið sé að skoða fleiri leiðir með nýja bálstofu heldur en lagt var upp með en í hans huga sé besti staðurinn fyrir nýja bálstofu í Gufunesi. Egill svarar einnig að viðræður séu í gangi í kirkjuráði varðandi nýja bálstofu.

Egill slítur fundi og þakkar fyrir góðan og málefnalegan fund og óskar eftir góðu samstarfi.

Fundargerð ritaði Helga Halldórsdóttir